

# Rodalon - Leiðbeiningar



**Rodalon** er öflug vörn gegn myglusvepp og ólykt. Ath. að efnið má ekki blandast sápu því það eyðileggur áhrif efnisins.

## Þvottavélar

Til að fjarlægja óæskilega lykt, bakteríur eða sveppi úr þvottavélinni er hægt að setja 2 dl. af Rodaloni í sápuhólf þvottavélrinnar og þvo á 40°C. Ath. vélin á að vera tóm á meðan.

## Fatnaður, efni og íþróttaskór

Rodalon er áhrifaríkt efni til að fjarlægja vonda lykt úr taui, t.d. svitalykt, þvag- og ælulykt. Leggið efnið í bleyti í Rodalon upplausn 1:10 í 30 mín. Gangið úr skugga um að efnið fljóti ekki ofan á vatninu. Skolið með hreinu vatni áður en þvegið er á venjubundinn hátt. Rodalon bleikir ekki tau ef um þvottekta efni er að ræða. Ef vafi, prófið þá á stað sem ekki sést. Farið varlega með viðkvæm efni t.d. silki.

## Ísskápar og frystiskápar

Blandið 1dl. af Rodaloni saman við 1 líter af vatni og þvoið vel. Leyfið efninu að virka í 5 mín. Skolið á eftir með hreinu vatni.

## Skurðarbretti, borðplötur o.fl.

Sóttþreinsið með Rodalon upplausn 1:10. Skolið vel með hreinu vatni á eftir.

## Borðtuskur, svampar og uppþvottaburstar

Leggið tuskur og uppþvottabursta í bleyti í Rodalon upplausn 1:10 í 10-20 mín. Skolið svampa og uppþvottabursta vel með hreinu vatni og þvoið tuskur á venjulegan hátt.

## Baðherbergi

Blandið Rodalon 1:10 og þrífið baðherbergið vandlega. Með því hverfa bakteríur sem valda vondri lykt.

## Sturtur og baðkór

Blandið Rodaloni 1:10 og þvoið svæðið vandlega. Ef svartir blettir hafa myndast er æskilegt, eftir rækilega hreinsun með Rodaloni, að þrifa svæðið með hreinsiefni sem inniheldur klór.

## Sturtuhengi

Með tímanum geta myndast svartir eða gulir blettir í sturtuhengjum sem eru sveppamyndun. Leggið sturtuhengið í bleyti í Rodalon upplausn 1:10 í eina til tvær klst. Ef svartir blettir hafa myndast má fyrst leggja sturtuhengið í Rodalon blöndu og síðan skrúbba svörtu blettina með hreinsiefni sem inniheldur klór.



**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

